

Hvernig hjálpa ég barninu mínu að **NÁ GÓÐUM ÁRANGRI**

í skólanum?



Láttu barnið finna að þú sért með væntingar til þess í náminu.

Fylgstu með viðfangsefnum barnsins í skólanum og leitaðu upplýsinga eftir þörfum.

Segðu barninu frá einhverju sem þú varst að gera í vinnunni og hvettu það til að segja frá sínum verkefnum í skólanum. Spurðu líka hvað það hafi verið að læra.

Ræddu við barnið þitt um óvenjuleg hugtök og merkingu þeirra.



Lestu **helst daglega**, með barninu og/eða biddu það um að segja þér frá bókinni sem það er að lesa.

Vertu góð fyrirmynd, gefðu barninu tækifæri til að sjá þig lesa og talaðu við það um bækur.

Kenndu barninu að það á rétt á því að aðrir komi vel fram við það og að því beri skylda til að koma vel fram við aðra.

Ef þú ert ósátt/ur við eitthvað í skólanum, ræddu það þá við kennara eða skólastjórnendur, en láttu ekki barnið þitt verða vitni að tortryggni eða neikvæðri umræðu um skólann.

Þú þarft að aðstoða barnið ef það er með heimanám.

Gættu þess að barnið fái nægan svefn t.d. með því að halda snjalltækjunum utan svefnherbergisins á svefntíma.